
Hreinsistöð fráveitu á Selfossi

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 7. janúar 2019 barst Skipulagsstofnun tillaga sveitarfélagsins Árborgar að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar hreinsistöðvar fráveitu á Selfossi, Árborg samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.04 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna sveitarfélagsins Árborgar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Hreinsistöð fráveitu á Selfossi, Árborg. Tillaga að matsáætlun. Efla hf., janúar 2019.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Sveitarfélaginu Árborg með tölvupósti dags. 28. janúar 2019
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 14. febrúar 2019.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 30. janúar 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti dags. 23. janúar 2019.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 21. janúar 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 24. janúar 2019.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. janúar 2019.
- Veðurstofu Íslands með tölvupósti dags. 23. janúar 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 21. febrúar 2019.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Valkostir

Í tillögu að matsáætlun eru lagðir fram fjórir valkostir og kemur fram að ekki sé búið að velja aðalvalkost fyrir framkvæmdina, mun það vera gert í samræmi við útkomu umhverfismatsins. Valkostirnir sem um ræðir eru eins þrepa hreinsun, tveggja þrepa hreinsun eða ítarlegri hreinsun með útrás í Ölfusá og grófhreinsun með útrás í höfnina á Eyrarbakka. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að leggja þurfi áherslu á að í mati á umhverfisáhrifum miði þær fráveitulausnir sem til skoðunar séu að því að uppfylla öll skilyrði laga og reglugerða um skólp og fráveitu. Eftirlitið tekur fram að ef skoða á valkost þar sem fráveita sé lögð niður að sjó þá þurfi að kanna fleiri valkosti varðandi staðsetningu útrásar, m.a. valkosti sem nýtast fyrir fráveitu skólps á Eyrarbakka og Stokkseyri.



Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að valkostur um eins þrepa hreinsun uppfyllir ekki kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp þar sem Ölfusá hafi ekki verið flokkaður sem síður viðkvæmur viðtaki. Einnig telur stofnunin að fjalla þurfi um hvort ástæða sé að nota þriggja þrepa hreinsun sem krafa er um þegar viðtaki nýtur sérstakrar verndar en Ölfusforir eru á skrá sem mikilvægt fuglasvæði. Varðandi áfangaskiptingu þarf að gera grein fyrir hvenær ráðgert sé að bæta við tveggja þrepa hreinsun og hvernig hreinsun verði háttáð á meðan á breyting stöðvarinnar úr eins í tveggja þrepa stendur yfir. Einnig þurfi að gera grein fyrir hvenær ráðgert sé að ljúka við byggingu dælustöðvar ef losa eigi skólp í sjó fyrir utan Eyrarbakka eða Stokkseyri. Gera þurfi grein fyrir rýmisþörf tveggja þrepa hreinsunar og hvar sú hreinsun verði staðsett. Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi um hvernig hreinsun skólps frá Stokkseyri og Eyrarbakka verði háttáð ef ráðgert sé að tengja skóp frá þessum stöðum í útrás frá Selfossi.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að gera þurfi betur grein fyrir persónueiningum og hreinsun fráveitu í hreinsistöð Mjólkursamsölnunar hvernig og hvort Mjólkursamsalan ætli sér að hreinsa fráveituvatn sitt. Hafrannsóknastofnun telur vafasamt að áfangaskipta framkvæmdum þannig að eins þrepa hreinsun verði í einhvern tíma. Ef slíkt sé áformað þurfi það að vera sér liður í valkostagreiningu framkvæmdarinnar. Einnig kemur fram að ekki sé búið að skilgreina Ölfusá sem viðtaka en slík flokkun sé einn af grundvallarþáttum þess hvernig staðið skuli að hreinsun í hreinsistöðinni. Fram kemur í umsögn Hafrannsóknastofnunar að skoða þurfi fleiri staðsetningarmöguleika varðandi útrás í sjó og taki stofnunin fram að skoða megi kosti á milli Eyrarbakka og Stokkseyri í því samhengi.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að eingöngu valkostir sem uppfylli skilyrði laga og reglugerða komi til greina og að eins þrepa hreinsun sé einungis í skoðun vegna áfangaskiptingar framkvæmdarinnar. Í frummatsskýrslu verði fjallað um hvort frekari hreinsun en tveggja þrepa hafi áhrif á svæði sem njóta verndar, meðal annars vegna mikilvægra fuglasvæða. Í svörunum kemur einnig fram að nákvæmar tímasetningar framkvæmda liggja ekki fyrir en áhersla verði lögð á að koma á hreinsun skólps sem fyrst og að bygging mismunandi áfanga komi ekki niður á starfseminni. Fram kemur í svörum að dælustöð muni vera reist samhliða hreinsistöð. Einnig kemur fram að hreinsun skólps á Eyrarbakka og Stokkseyri sé ekki hluti af þessari framkvæmd og því ekki fjallað um það.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að áætlað sé að lífræn mengun frá iðnaði svari til 8.000 eininga ef hreinsistöð Mjólkursamsölnunar sé í gangi en ef hún er ekki í gangi eru persónueiningarnar frá iðnaði metnar 30.000. Einnig er bent á að Mjólkursamsölnunni verði sett skilyrði um losun í lagnakerfi sveitarfélagsins. Framkvæmdaraðili telur að niðurstöður mats á umhverfisáhrifum eins þrepa hreinsunar komi til með að veita fullnægjandi upplýsingar um áhrif áfangaskiptingar framkvæmdarinnar en áfangaskipting er talin mikilvæg vegna mikils kostnaðar. Fram kemur að vísun í Ölfusá sem venjulegan viðtaka komi úr skýrslu Umhverfisstofnunar frá 2017 um stöðu fráveitumála. Fram kemur að við val á staðsetningu útrásar í sjó hafi svæðið milli Eyrarbakka og Stokkseyrar verið skoðað en það svæði komi ekki til greina vegna kostnaðarsamrar borunar í gegnum hraun svo dýptarskýrði fyrir útrásina séu uppfyllt. Einnig séu tvö svæði þar á milli á náttúruuminjaskrá sem yrði að þvera. Nánar verði fjallað um staðarval á Eyrarbakka í frummatsskýrslu. Einnig kemur fram að dreifingarlíkan verði gert svo hægt verði að staðsetja útrás þannig að þynning og blöndun skólps verði sem mest án þess að skólpmengaður sjór berist að landi. Fram kemur að í frummatsskýrslu verði gert grein fyrir staðsetningu og efnisþörf fyrir tveggja þrepa hreinsistöð.

Í frummatsskýrslu þarf að koma skýrt fram að framkvæmdir við hreinsivirki felist í að koma upp tveggja þrepa hreinsun í samræmi við ákvæði í gildandi reglugerð um fráveitur og skólp. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir áfangaskiptingu og uppbyggingu hreinsistöðvarinnar og hvernig hreinsun verður hagað á milli uppbyggingu hreinsunarþrepa.



Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram ítarlegar upplýsingar um þá hreinsun sem ætlað er að skoða, til dæmis, upplýsingar um staðsetningu, umfang og tilhögun tveggja þrepa hreinsunar.

Vatnsgæði

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að möguleg áhrif framkvæmdarinnar á vatnsgæði viðtaka tengist lífrænum og ólífrænum efnum og gerlum sem geti verið í skólpi og geti haft neikvæð áhrif á lífríki viðtaka hvort sem um verður að ræða Ölfusá eða Norður-Atlantshafið.

Fram kemur í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins að óljóst sé hvort fyrirhuguð framkvæmd nái til skólps frá byggð norðan Ölfusár. Í tillögunni sé verið að skoða hreinsistöð sem nær til alls skólps frá íbúðar- og iðnaðarhverfum sunnan Ölfusár. Eftirlitið bendir á að í tillögunni sé til skoðunar að nýta hreinsistöð Sláturfélags en sú hreinsistöð sé samkvæmt gögnum Heilbrigðiseftirlitsins ekki til staðar þó áætlanir séu um slíka stöð. Telur eftirlitið þess vegna óljóst hvert umfang þeirrar framkvæmdar, sem til skoðunar er, sé. Einnig telur Heilbrigðiseftirlitið að nauðsynlegt sé að mat á umhverfisáhrifum miði við heildarfjölda persónueininga frá íbúðar- og iðnaðarhverfum beggja vegna Ölfusár enda sé viðtakinn fyrir bæði svæðin sá sami.

Fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar að gera þurfi grein fyrir neyðaryfirföllum og markmiðum varðandi notkun þeirra sem og frágangi yfirfallsútrásar. Fram kemur að ekki sé gert grein fyrir breytileika í rennsli vegna úrkomu og leka, á hönnun og rekstur hreinsistöðvarinnar. Einnig þurfi að gera grein fyrir hvernig stöðin eigi að ráða við tveggja þrepa hreinsun ef hreinsun hjá Sláturfélaginu og Mjólkursamsölunni liggur niðri eða með tilliti til annarra utanaðkomandi þátta líkt og úrkomu. Varðandi losun í hafið þurfi að gera grein fyrir staðsetningarvali útrásar, lengd útrásar og gerð útrásar með tilliti til blöndunar skólps og sjávar.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að sífellt auknar kröfur séu gerðar á hreinsun skólps og fjalla þurfi um losun örplasts úr skólpi. Einnig saknar stofnunin þess að ekki sé fjallað um magn gerla í fráveituvatni í umfjöllun um matsspurningar.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Heilbrigðiseftirlitsins kemur fram að í tillögu að matsáætlun sé gert ráð fyrir að allt skólp norðan sem og sunnan ár verði hreinsað með fullnægjandi hætti. Fram kemur að Sláturfélag Suðurlands áformi að byggja hreinsistöð fyrir fráveitu frá fyrirtækinu. Einnig kemur fram að hönnun fyrirhugaðrar hreinsistöðvar Árborgar miðist við að hún geti tekið við öllu skólpi frá Selfossi, bæði norðan og sunnan Ölfusár og í dreifingarlíkani verði miðað við að allt skólp frá Selfossi fari í gegnum stöðina, líka frá Sláturfélaginu.

Í svari framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að bæði í lagnakerfi og hreinsistöð verði virk yfirföll þegar rennslið verður meira en lagnakerfið og hreinsistöðin ræður við. Einnig kemur fram að virkni þeirra verði í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp og það sé stefnt að því að setja grófhreinsibúnað á öll yfirföll svo rusl haldist í kerfinu þó sleppa þurfi blandskólpi út. Nánar verði fjallað um yfirföll í frummatsskýrslu.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp sé ekki gerð krafa um hreinsun örplasts úr skólpi og því verði ekki fjallað sérstaklega um örplast í frummatsskýrslu. Fram kemur að í frummatsskýrslu verði umfjöllun um áætlaðan styrkleika gerla eftir niðurstöðum dreifingarlíkans og einnig verði gerð grein fyrir ávinningi eins þrepa hreinsunar umfram grófhreinsun.

Líkt og kemur fram í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins er óljóst hvernig persónueiningar fyrir hönnun hreinsistöðvarinnar eru áætlaðar, tekið er fram í svörum framkvæmdaraðila að hönnun hreinsistöðvarinnar nái til svæðis beggja vegna Ölfusár en óskýrt er í greinargerð hvaða magn persónueininga sé á því svæði.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig persónueiningar eru áætlaðar og útrá hvaða forsendum. Tryggja þarf að virkni hreinsibúnaðar framkvæmdaraðila og annarra aðila s.s.



Sláturfélags Suðurlands og Mjólkursamsölnnar sé með þeim hætti að það komi í veg fyrir eða dragi úr skaðlegum áhrifum á vatnsgæði og lífríki Ölfusár.

Lífríki

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmdarinnar á frumframleiðendum, smádýr og fiska. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að einnig þurfi að fjalla um annan veiðirétt en stangveiði í Ölfusá.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögninni kemur fram að einnig verði fjallað um netaveiði í frummatsskýrslu.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu sveitarfélagsins Árborgar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram að framkvæmdir við hreinsivirki felist í að koma upp a.m.k. tveggja þrepa hreinsun í samræmi við ákvæði í gildandi reglugerð um fráveitur og skólp.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir áfangaskiptingu og uppbyggingu hreinsistöðvarinnar og hvernig hreinsun verður hagað á milli uppbyggingar hreinsunarþrepa.
3. Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram ítarlegar upplýsingar um þá hreinsun sem ætlað er að skoða, til dæmis, upplýsingar um staðsetningu, umfang og tilhögun tveggja þrepa hreinsunar.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig persónueiningar eru áætlaðar og út frá hvaða forsendum.
5. Tryggja þarf að virkni hreinsibúnaðar framkvæmdaraðila og annarra aðila s.s. Sláturfélags Suðurlands og Mjólkursamsölnnar sé með þeim hætti að komi í veg fyrir eða dragi úr skaðlegum áhrifum á vatnsgæði og lífríki Ölfusár.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 8. apríl 2019.

Reykjavík, 8. mars 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson